**Sþ. 43. Fyrirspurn [43. mál]**

til menntamálaráðherra um starfsemi dagvistarstofnana.

Frá Svavari Gestssyni og Guðrúnu Helgadóttur.

1. Hve mörg börn komast að á dagvistarstofnunum — dagheimilum og leikskólum — í kaupstöðum landsins og kauptúnum með 1000 íbúa eða fleiri? Í svarinu óskast fjöldi tilgreindur eftir kaupstöðum annars vegar og eftir leikskólum og dagheimilum hins vegar.
2. Hve mörg dagvistarrými eru á hverja 100 íbúa í þessum kaupstöðum og kauptúnum?
3. Hve margar fóstrur eru starfandi á barnaheimilunum, tilgreint eftir kaupstöðum og kauptúnum?
4. Hve margar fóstrur vantar til starfa á barnaheimilunum að mati menntamálaráðuneytisins?

**Skriflegt svar óskast.**